

Ákærðu greiði skaðabætur sem hér segir:

Ákærði Sigurður Kort einn kr. 5.333 til Grímars Jónssonar.

Ákærðu Sigurður Kort og Páll Guðfinnur óskipt kr. 34.350 til Skapta Steinbjörnssonar og kr. 19.150 til Guðmundar Karls Björnssonar.

Ákærði Guðbjörn Helgi einn kr. 13.900 til Guðmundar Ermenrekssonar og kr. 3.700 til Unnar Þórðardóttur.

Ákærðu greiði allan sakarkostnað óskipt.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Þriðjudaginn 28. september 1976.

Nr. 131/1976. Arnbjörn Ólafsson
 Einar Ólafur Arnbjarnarson
 Arnbjörn Hjörleifur Arnbjarnarson og
 Arnbjörn Ólafsson f. h.
 Aðalheiðar Ernu Arnbjarnardóttur
 gegn
 Sigurði Sigurgeirssyni og
 Arnbjörn Ólafsson
 gegn
 Sigurði Sigurgeirssyni.

Dómenður:

hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson
 og Þór Vilhjálmsson.

Kærumál. Kæruheimild. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðiljar hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 22. júní 1976, er barst Hæstarétti 29. s. m., en leggja verður til grundvallar, að þeir hafi eigi fengið vitneskju um hinn kærða dóm fyrr en 8. júní s. á. Krefjast þeir þess, að dómurinn verði felldur úr gildi.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða dóms og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Með hinum kærða dómi er annars vegar hrundið kröfu sóknaraðilja um frávísun aðalsakar vegna rangs varnarþings, og hins vegar er vísað frá dómi gagnsök þeirri, sem þar greinir. Héraðsdómi var heimilt að taka bæði þessi atriði til úrlausnar í einu lagi með dómi, eins og hann gerði. Úrlausn héraðsdóms, þar sem frávísunarkröfu er hrundið, sætir eigi kæru til Hæstaréttar samkv. 21. gr., 1 b, laga nr. 75/1973. Ber að vísa þessum þætti kærunnar frá Hæstarétti. Kæra hins þáttarins er heimil, sbr. 21. gr., 1 b, laga nr. 75/1973. Með skirskotun til raka héraðsdóms ber að staðfesta þá niðurstöðu að vísa gagnsök frá héraðsdómi.

Sóknaraðiljum ber óskipt að greiða varnaraðilja kærumálskostnað, sem ákveðst 20.000 krónur.

D ó m s o r ð :

Framangreindri kröfu sóknaraðilja er vísað frá Hæstarétti.

Ákvæði héraðsdóms um frávísun gagnsakar á að vera óraskað.

Sóknaraðiljar, Arnbjörn Ólafsson, Einar Ólafur Arnbjarnarson, Arnbjörn Hjörleifur Arnbjarnarson og Arnbjörn Ólafsson f. h. Aðalheiðar Ernu Arnbjarnardóttur, greiði óskipt varnaraðilja, Sigurði Sigurgeirssyni, 20.000 krónur í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Keflavíkur 26. maí 1976.

Mál þetta, sem dómtekið var 6. þ. m., höfðaði Sigurður Sigurgeirsson trésmíðameistari, Hverfisgötu 42, Hafnarfirði, fyrir bæjarþingi Keflavíkur með stefnu, birtri 11. febrúar 1974, gegn Arnbirni Ólafssyni lækni, Sólvallagötu 18, Keflavík. Málið var þingfest 20. febrúar 1974. Með stefnu, birtri 31. janúar 1975 og framlagðri í bæjarþingi Keflavíkur 5. febrúar s. á., höfðaði Sigurður Sigurgeirsson mál til framhaldssakar gegn þeim Einari Ólafi Arnbjarnarsyni, Sólvallagötu 18, Keflavík, Arnbirni Hjörleifi

Arnbjarnarsyni, sama stað, og Arnbirni Ólafssyni, sama stað, f. h. Aðalheiðar Ernu Arnbjarnardóttur sama stað. Arnbjörn Ólafsson höfðaði gagnsök á hendur aðalstefnanda með stefnu, birtri 21. febrúar 1975, og var gagnsök þingfest 5. mars s. á. í bæjarþingi Keflavíkur. Framhaldssök og gagnsök hafa verið sameinaðar og málin rekin sem eitt mál væri.

Í aðalsök gerir aðalstefnandi þær dómkröfur, að stefndu verði in solidum dæmd til að greiða kr. 21.575 auk 9% ársvaxta frá 1. október 1973 til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu.

Tildrög málsins eru þau, að í september 1973 setti aðalstefnandi upp tvær bilgeymsluhurðir og sorpgeymsluhurð að Fornuströnd 17, Seltjarnarnesi. Byggir aðalstefnandi kröfu sína á því, að aðalstefndi Arnbjörn Ólafsson hafi ekki greitt reikning sinn fyrir vinnu og útlagðan kostnað. Vinnuliður reiknings nemur kr. 18.400. Matsmenn, Grétar Þorleifsson og Kristinn Guðjónsson, sem dómkvaddir voru hinn 7. nóvember 1974 á bæjarþingi Seltjarnarness til að „meta til peningaverðs verk við ísetningu tveggja bílskúrs- hurða og sorpgeymsluhúðar að Fornuströnd 17, Seltjarnarnesi“, mátu hæfilegt endurgjald kr. 19.500. Aðalstefnandi heldur því fram, að hann hafi unnið verkið að beiðni gagnstefnanda. Þar sem aðalstefndi Arnbjörn Ólafsson hafði uppi þá mótbáru í þinghaldi 21. janúar 1975, að hann væri ekki réttur aðili málsins, heldur börn hans, þinglesnir eigendur húseignarinnar Fornustrandar 17, Seltjarnarnesi, var framangreind framhaldssök höfðuð.

Í aðalsök gerði aðalstefndi Arnbjörn Ólafsson í upphafi þessar kröfur:

1. Að verkinu yrði lokið og eða samið við hann um það innan 14 daga frá 6. mars 1974 að telja og hafi það eigi verið gert, verði verkinu lokið án frekari fyrirvara og á kostnað stefnanda.
2. Að stefnandi bæti honum tjón og óþægindi, er framkoma hans og stefna hafa valdið honum.
3. Að stefnandi geri grein fyrir, eftir hvaða taxta reikningar hans séu samdir og þeir verði athugaðir og samþykktir sem réttir af verðlagseftirliti ríkisins.

Síðar gerði aðalstefndi Arnbjörn Ólafsson frávísunarkröfu, byggða á því annars vegar, að aðalstefnandi væri ekki réttur aðili málsins, þar sem verkið hefði verið unnið að tilhlutan og fyrir milligöngu Þorkels Skúlasonar húsasmíðameistara, og hins vegar á því, að sjálfur væri hann ekki réttur aðili að málinu, þar sem

börn hans væru eigendur að húsi því, er aðalstefnandi vann við. Frávísunarkröfunni var hrundið með úrskurði, uppkveðnum 28. janúar 1975.

Aðalstefndi Arnbjörn Ólafsson hefur sjálfur farið með mál sitt og ólögráða dóttur sinnar, Aðalheiðar Ernu. Eiginkona hans, Fjóla Einarsdóttir, hefur mætt vegna sona þeirra hjóna, Einars Ólafs og Arnbjörns Hjörleifs. Af hálfu aðalstefndu og gagnstefnanda annaðist Jón Þorláksson, cand. jui., munnlegan málflutning. Þá gerði lögfræðingurinn kröfu um frávísun aðalsakar vegna rangs varnarþings, þar sem málið hefði átt að höfða á varnarþingi fasteignar, sbr. 78. gr. laga nr. 85/1936, og vegna þess að leiðbeiningarskyldu hefði ekki verið gætt. Þá krafðist hann málskostnaðar úr ríkissjóði, þar með talin hæfileg málflutningslaun sér til handa.

Í gagnsök gerir gagnstefnandi kröfur þær, sem nú verða tilgreindar orðréttar:

- „1. Að stefndi greiði allan kostnað, er varð við lúkningu og lagfæringu þess verks, er hann tók að sér, og að bílskúrshurð, er hann skemmdi, verði fjarlægð á hans kostnað og önnur jafngóð látin í hennar stað.
2. Að steinflísar í anddyri verði hreinsaðar af blettum, er Sigurður lét á þær af kæruleysi.
3. Að reikningar þeir, er Sigurður hefur höfðað mál til greiðslu á, verði lagfærðir þannig, að þeir sýni annað tveggja, tíma-vinnukaup trésmiða eða mælingartaxta frá viðurkenndri mælingastofu.
4. Að stefndi bæti að fullu afnotamissi af bílskúrunum eða kr. 10.000 — tíu þúsundir króna — fyrir hvern byrjaðan mánuð, sem viðgerð dróst vegna gerða hans eða frá 1. október 1973 og til júlíbyrjunar 1974, eða kr. 90.000 — níutíu þúsundir króna — með 12% ársvöxtum frá 1. okt. 1973.
5. Að mér verði greiddar bætur fyrir óþægindi og fyrirhöfn, er ég hef orðið fyrir af völdum stefnda, svo og ósönnum áburði hans, kr. 150.000 — eitt hundrað og fimmtíu þúsundir króna — með 12% ársvöxtum frá stefnudegi.
6. Að stefndi greiði málskostnað mér að skaðlausu að mati dómsins“.

Gagnstefndi hefur krafist sýknu af kröfum gagnstefnanda í gagnsökinni og að honum verði tildæmdur hæfilegur málskostnaður að mati dómsins.

Þar sem dómurinn telur frávísunaratriði koma fram í gagn-

sökinni, þykir með skírskotun til 108. gr. laga nr. 85/1936 rétt að taka það atriði fyrst til úrlausnar.

Tilraunir dómara þeirra, sem með málið hafa farið, til að leiðbeina gagnstefnanda samkvæmt 114. gr. laga nr. 85/1936 hafa lítinn árangur borið. Meðför málsins hefur verið háð erfiðleikum óvanalegs eðlis. Hinn 24. febrúar 1975 lagði gagnstefnandi fram kæru hjá rannsóknarlögreglunni í Keflavík á hendur gagnstefnda, lögmanni hans, Árna Gunnlaugssyni hæstaréttarlögmanni, fulltrúa lögmannsins, Guðna Guðnasyni héraðsdómslögmanni, og matsmönnum þeim, sem fyrr greinir, fyrir framkvæmd matsins „án samþykkis og vilja eigandans og án úrskurðar yfirvalda þar um“. Í kærunni segir m. a.: „Virðist matið einvörðungu gert til að villa dómara sýn, og verður ekki betur séð en að það sé gert til að aðstoða við auðgunarbrot“. Í garð dómsins, einkum dómsformanns, hefur gagnstefnandi látið stór orð falla. Í því efni hefur einnig mjög kveðið að eiginkonu hans. Hafðar hafa verið í frammi aðvaranir, jafnvel hótanir, átölur um skort á dómgreind og siðgæði og aðdróttanir um, að dómendur vildu viðhafa undanbrögð, en alls ekki, að komist yrði að hinu sanna í málinu. Hinn 12. mars sl. fóru dómendur að Fornuströnd 17, en skoðun þeirra kom að takmörkuðu gagni, þar sem hún varð aðeins framkvæmd á umræddum bílgeymsluhurðum og búnaði þeirra að utanverðu. Ekki hefur verið ljáð máls á að veita atbeina til að fullnuð yrði vettvangsathugun dómenda. Í þinghaldi 17. mars sl. gerði gagnstefnandi kröfu um, að dómsformaður viki sæti, en þeirri kröfu var hafnað með úrskurði, uppkveðnum samdægurs. Þykir rétt að tilfæra orðrétt efni skjals þess, sem greindar kröfur hefur að geyma:

„Sett er fram sú krafa, að eftirfarandi spurningum sé svarað með rökum, sönnunum og undanbragðalaust, áður en lengra er haldið í málinu, og lýsa undirritaðir jafnframt yfir því, að þeir né aðrir, er Sigurður Sigurgeirsson hefur stefnt, eru ekki réttir málsaðilar, heldur Þorkell Skúlason, og mun ekki frekar verða mætt í þessu máli af þeirra hálfu til annars en heimta bætur, sem þeim bera.

Jafnframt lýsa þeir undrun sinni og vanþóknun á málsmeðferð allri svo og vinnubrögðum núverandi dómara, Sigurðar Halls Stefánssonar, og lögmannna stefnanda, Árna Gunnlaugssonar og Guðna Guðnasonar.

Þess er jafnframt krafist, að núverandi dómari víki úr sæti. Spurningar:

1. Hefur dómariinn athugað og getur hann sannað, að reikningar Sigurðar Sigurgeirssonar séu innheimtuhæfir óbreyttir?
2. Hefur dómariinn athugað og getur hann sannað, að réttum aðilum sé stefnt?
3. Telur dómariinn, að hin svonefnda matsgerð, sem framkvæmd var af dómkvöddum mönnum, svo og reisa hans sjálfs við þriðja mann að húsinu nr. 17 við Fornuströnd á Seltjarnarnesi föstudaginn 12. mars 1976, eðlilega, lögum samkvæma og hafa yfirleitt orðið að nokkru gagni?
4. Getur dómari sannað, og sé svo, þá leggi hann fram sönnunargögn, að stefndir hafi verið réttilega boðaðir til matsgerðar, þá er hinir svonefndu „dómkvöddu matsmenn“ fóru í leyfisleysi og án dóms og laga að Fornuströnd 17?
5. Telur dómariinn og getur hann sannað, að málsmeðferð af hendi embættisins í Keflavík sé eðlileg og samkvæmt lögum?
6. Þekkir dómariinn 66. grein stjórnarskrár lýðveldisins Íslands og 228. gr., 231. gr. og 232. gr. almennra hegningarlaga og ef svo er, telur hann þá, að framangreindar lagagreinar hafi eigi brotnar verið í máli þessu?
7. Telur dómariinn eðlilegt, að hann, Sigurður Hallur Stefáns-son, dæmi í téðu máli? — Bent skal á, að hann er Hafnfirðingur, hefur alist upp í Hafnarfirði og því líkur til, að hann kunni að þekkja stefnanda. Hefur auk þess unnið um árábil á bæjarfógetaskrifstofunni í Hafnarfirði sem fulltrúi og því næstum óhjákvæmilega kunnugur báðum lög mönnum stefnanda.

Keflavík, 17. mars 1976.

Arnbjörn Ólafsson, einnig f. h. ófjárráða dóttur.

Fjóla Einarsdóttir, einnig f. h. annarra stefndu“.

Kröfur gagnstefnanda í gagnsök eru einkum á því byggðar, að handvömm hafi verið á framkvæmd umrædds verks af hálfu gagnstefnda og af því hlotist kostnaður, afnotamissir, óþægindi og fyrirhöfn. Leiðbeiningum dómara um að fá dómkvadda matsmenn hefur gagnstefnandi ekki sinnt. Hins vegar hefur hann lagt fram tvær álitserðir Gests Gunnarssonar tæknifræðings, Nönnugötu 12, Reykjavík, dags. 22. febrúar og 2. apríl 1974, þar sem fram kemur með skírskotun til upptalningar nokkurra atriða, að tæknifræðingurinn telur uppsetningu umræddra þriggja hurða vera ábótavant og ólokið. Greindum álitserðum var af hálfu gagnstefnda mótmælt sem röngum og óstaðfestum. Leiðbeiningar

um að leiða Gest Gunnarsson sem vitni hafði gagnstefnandi að engu. Er ýmist um kröfuliði gagnsakar, að þeir eru engum gögn-um studdir eða alls ófullnægjandi.

Gagnsök í máli þessu hefur verið rekin og flutt á þann hátt, að mjög brýtur gegn ákvæðum laga nr. 85/1936 um skýran og greiðan málatilbúnað, rækilega gagnasöfnun og fullnægjandi reifun máls. Málarekstur og framkoma gagnstefnanda veita enga vísbendingu um, að úr yrði bætt, þótt málið héldi áfram.

Ber því að vísa gagnsökinni frá dómi ex officio.

Rétt þykir eftir atvikum, að í dómi þessum sé fjallað um kröfu um frávísun aðalsakar. Krafa aðalstefnanda er ekki þess eðlis, að varnarþingsregla 78. gr. laga nr. 85/1936 eigi við, og hefur málið verið réttilega höfðað á heimilisvarnarþingi stefndu. Um hina málsástæðuna, að skort hafi á leiðbeiningar dómara, hefur áður verið fjallað. Framangreind krafa verður því eigi tekin til greina. Kröfu um málskostnað úr ríkissjóði ber þegar með vísan til 113. gr. laga nr. 85/1936 að vísa frá dómi ex officio.

Ákvörðun um málskostnað í þessum hluta málsins bíður væntanlegs efnisdóms í málinu.

Sigurður Hallur Stefánsson héraðsdómari, sem farið hefur með mál þetta frá 26. febrúar sl., kvað upp dóm þennan ásamt með-dómendum þeim, sem hann í upphafi kvaddi til, þeim Jakob Árnasyni byggingameistara og Vilhjálmi Grímssyni bæjartækni-fræðingi.

Dómsorð:

Gagnsök í máli þessu er vísað frá dómi ex officio.

Hafnað er kröfu um að vísa aðalsök frá dómi.

Kröfu um málskostnað úr ríkissjóði er vísað frá dómi ex officio.
